

# AÐALFUNDUR



Aðalfundur Brims hf. verður haldinn þriðjudaginn 25. mars 2021  
á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík.

Gætt verður að gildandi fyrirvörum stjórnvalda um fjöldatakmörkunir, nálægðarmörk og  
söttvarnir en jafnframt verður gefinn kostur á rafrænni þátttöku á fundinum.

Fundurinn fer fram á íslensku og hefst klukkan 17:00.

## DAGSKRÁ

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemina síðastliðið ár.
2. Endurskoðaður ársreikningur lagður fram til staðfestingar.
3. Tillaga stjórnar um greiðslu arðs.
4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu.
5. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna.
6. Kosning stjórnar félagsins.
7. Kosning endurskoðanda.
8. Tillaga um að stjórn fái heimild til kaupa á eigin bréfum.
9. Önnur mál, löglega upp borin.

Atkvæðagreiðsla á fundinum mun alfarið fara fram með rafrænum hætti í gegnum Lumi AGM.

### TILLÖGUR:

#### TILLAGA UM GREIÐSLU ARÐS

„Samkvæmt stefnu félagsins sem kynnt var í skráningarlýsingu félagsins árið 2014 leggur stjórn félagsins til að arðgreiðsla á árinu 2021 vegna rekstrarársins 2020 verði 1,2 kr. á hlut í arð til hluthafa, eða 2.305 millj. kr. (um 14,8 millj. evra á lokagengi ársins 2020), eða 2,4% af markaðsvirði hlutafjár í lok árs 2020. Arðurinn verði greiddur 30. apríl 2021. Síðasti viðskiptadagur þar sem arður fylgir bréfunum er 25. mars 2021 og arðleysisdagur því 26. mars 2021.

Arðsréttindadagur er 29. mars 2021. Arður greiðist þeim sem skráðir eru í hlutaskrá félagsins í lok arðsréttindadags.“

Hluthöfum mun standa til boða að fá arðgreiðslu í evrum, sem mun byggja á ISK/EUR miðgengi Seðlabanka Íslands eins og það er tilgreint við lok dags síðasta dag fyrir arðgreiðsludag, eða 29. apríl 2021. Hluthafar sem hyggjast óska eftir arðgreiðslu í evrum skulu tilkynna félaginu það fyrir lok dags 10. apríl 2021 á þar til gert eyðublað, sem er aðgengilegt hér [www.brim.is/brim/fjarfestar/adalfundur2021](http://www.brim.is/brim/fjarfestar/adalfundur2021)

#### TILLAGA FÉLAGSSTJÓRNAR UM STARFS-KJARASTEFNU

„Stjórn félagsins leggur til óbreytta starfskjarastefnu“.

#### TILLAGA UM ÞÓKNUN TIL STJÓRNARMANNA

„Stjórn félagsins leggur til að þóknun næsta árs til stjórnarmanna verði 310.000 kr. á mánuði, varaformaður fái einn og hálfan hlut og formaður tvöfalda hlut.“

#### KOSNING ENDURSKOÐANDA

„Stjórn félagsins leggur til að Deloitte ehf. verði kjörið endurskoðandi félagsins.“

#### TILLAGA UM AÐ STJÓRN FÁI HEIMILD TIL KAUPA Á EIGIN HLUTUM

„Aðalfundur veitir stjórn félagsins heimild til að kaupa eigin hluti í félaginu. Heimild þessi stendur í 18 mánuði og takmarkast við að samanlögð kaup fari ekki yfir 10% af heildarhlutafé félagsins á hverjum tíma. Kaupgengi má eigi vera hærra en í síðustu óháðu viðskiptum eða hæsta fyrirbyggjandi óháða kauptilboð í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem hærra er. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin bréfum falla úr gildi við samþykkt heimildar þessarar.“

#### FRAMBOÐ TIL STJÓRNAR

Hluthöfum er bent á að skv. 63. gr. hlutafélagalaga skal tilkynna skriflega, minnst fimm dögum fyrir hluthafafund, um framboð til stjórnar. Framboðum skal skila á skrifstofu Brims, Norðurgarði 1 eða á netfangið [adalfundur@brim.is](mailto:adalfundur@brim.is). Tilkynnt verður um framkomin framboð tveimur dögum fyrir aðalfundinn.

#### AÐRAR UPPLÝSINGAR

Bodið verður upp á fullgilda rafræna þátttöku á fundinum í gegnum [Lumi AGM](http://Lumi.AGM) án þess að hluthafar séu viðstaddir á fundarstað. Hægt verður að fylgjast með fundinum í gegnum vefstreymi auk þess sem hluthafar geta kosið rafrænt og borið upp skriflegar spurningar í gegnum Lumi snjallforritið eða vefsíðu Lumi. Rafræn þátttaka jafngildir mætingu á fundinum og veitir rétt til þátttöku í honum að öðru leyti.

Atkvæðagreiðsla á fundinum mun alfarið fara fram í gegnum Lumi AGM. Allir hluthafar, hvort sem þeir mæta til fundarins á Hótel Nordica eða taka þátt með rafrænum hætti, eru hvattir til að hlaða niður smáforriti Lumi AGM í eigin snjalltæki, en jafnframt geta þeir

greitt atkvæði í gegnum vefslóð Lumi AGM.

Aðilar sem eru eignaskráðir hluthafar í hlutaskrá skv. hluthafakerfi félagsins þegar aðalfundur fer fram geta beitt réttindum sínum á aðalfundi. Hluthafar geta látið umboðsmann sækja fundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð, en form að umboði er aðgengilegt á vefsíðu félagsins. Tekið skal fram að umboð getur aldrei gilt lengur en í eitt ár frá dagsetningu þess.

Hluthafar eða umboðsmenn hluthafa sem hafa hug á því að sækja fundinn, hvort sem er rafrænt eða á staðnum, eru beðnir um að skrá sig tímanlega á vefsíðunni [www.smartagm.com](http://www.smartagm.com) og eigi síðar en kl. 17.00 þann 24. mars, eða degi fyrir fundardag. Með innskráningu þarf að fylgja mynd af skilríkjum og umboð, ef við á.

Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé. Eigin bréf félagsins njóta ekki atkvæðisréttar.

Heildarhlutafé félagsins nemur kr. 1.955.979.606 og fylgir eitt atkvæði hverjum hlut. Eigin bréf félagsins eru nú kr. 34.920.417 og virkt hlutafé félagsins því kr. 1.921.059.189

Dagskrá og öll skjöl sem lögð verða fyrir aðalfundinn, þ.m.t. ársreikningur félagsins og tillögur eru hluthöfum tiltæk á íslensku, á heimasíðu félagsins og á skrifstofu félagsins á venjulegum skrifstofutíma.

Allar nánari upplýsingar um aðalfundinn má finna á vefsíðu félagsins <https://www.brim.is/brim/fjarfestar/adalfundur2021/>

Reykjavík 17. mars 2020  
Stjórn Brims hf.